

Sorporkuver á Strönd á Rangárvöllum, Rangárþingi ytra

Álit um umhverfismat framkvæmdar

1 Inngangur

1.1 Framlagning og kynning umhverfismatsskýrslu

Þann 19. nóvember 2025 lagði Sorpstöð Rangárvallasýslu bs. (SOR) fram umhverfismatsskýrslu um sorporkustöð á athafnasvæði Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. í landi Strandar í Rangárþingi ytra til kynningar og athugunar Skipulagsstofnunar sbr. 23. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar Rangárþings ytra, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (brunavarnasvið), Minjastofnunar Íslands, Umhverfis- og orkustofnunar og Veitna.

Umhverfismatsskýrslan var auglýst á heimasíðu Skipulagsstofnunar og kynnt í Skipulagsgátt. Kynningartími var frá 19. nóvember 2025 til 2. janúar 2026.

1.2 Gögn

Framlögð gögn Sorpstöðvar Rangárvallasýslu

Umhverfismatsskýrsla: Sorporkuver á Strönd á Rangárvöllum. Umhverfismat framkvæmdar. Umhverfismatsskýrsla. Sorpstöð Rangárvallasýslu bs. og Environice, nóvember 2025.

Að loknum kynningartíma umhverfismatsskýrslu bárust Skipulagsstofnun viðbrögð framkvæmdaraðila við umsögnum dags. 9. janúar 2026 og við fyrirspurn Skipulagsstofnunar dags. 15. janúar 2026.

Umsagnir og athugasemdir

Umsagnir um umhverfismatsskýrslu bárust frá:

- Rangárþingi ytra, dags. 10. desember 2025
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, dags. 5. janúar 2026
- Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (brunavarnasviði), dags. 2. janúar 2026
- Minjastofnun Íslands, dags. 5. desember 2025
- Umhverfis- og orkustofnun, dags. 19. desember 2025
- Veitum, dags. 5. desember 2025



2 Framkvæmd

2.1 Framkvæmdalýsing

Ráðgert er að reisa sorporkustöð með orkuvinnslu á urðunarstaðnum á Strönd í Rangárþingi ytra. Stöðin verður sett upp í samvinnu Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. og fleiri aðila í samræmi við samstarfssamning sem gerður verður. Starfsemin verður öll innan þess svæðis sem afmarkað hefur verið fyrir sorpstöðina. Samanlögð rýmisþörf stöðvarinnar er u.þ.b. 50x30 m að flatarmáli, eða um 1.500 m². Uppsett afl stöðvarinnar verður 1MW til að byrja með og er áætlað að orkan verði framleidd með brennslu á allt að 2.500-3.000 tonnum af blönduðum úrgangi á ári. Gert er ráð fyrir að fyrsti áfangi stöðvarinnar taki til starfa í mars 2027 og að orkuframleiðsla þess áfanga jafngildi 8.000 MWh af heitu vatni á ári. Veitur, sem reka hitaveitu á svæðinu, hafa lýst yfir áhuga á kaupum á orkunni og hyggjast nota hana til að hækka hitastig jarðhitavats og bæta þannig nýtingu takmarkaðra jarðhitaauðlinda á svæðinu. Svo að unnt verði að nýta orkuna frá sorporkustöðinni er fyrirhugað að leggja lögn frá núverandi stofnlögn hitaveitunnar að varmaskipti sem settur verður upp inni í sorporkustöðinni. Sorporkuverið er samsett úr einingum og í upphafi verður sett upp ein slík. Möguleiki er á að tvöfalda vinnslugetu stöðvarinnar síðar með því að bæta við annarri hliðstæðri einingu. Í samræmi við það miðast umhverfismat stöðvarinnar við allt að 6.000 tonna árlega vinnslugetu og orkuframleiðslu upp á allt að 16.000 MWh á ári. Stöðin mun fyrst og fremst taka við blönduðum úrgangi og grófum úrgangi frá aðildarsveitarfélögum SOR, þ.e. Ásahreppi, Rangárþingi ytra og Rangárþingi eystra, en íbúar á svæðinu voru samtals 4.312 þann 1. janúar 2025. Einnig getur stöðin tekið við blönduðum og grófum úrgangi frá öðrum svæðum eftir því sem úrgangsmagn og afköst gefa tilefni til. Blandaður úrgangur frá sveitarfélögunum þremur hefur hingað til verið fluttur úr landi til orkuvinnslu. Reiknað er með að stöðin geti eftir atvikum einnig tekið við dýraleifum úr áhættuflokki 1 (og að vissu marki áhættuflokki 2), en fáar viðurkenndar förgunar- eða vinnsluleiðir hafa verið tiltækar fyrir þann úrgang mörg undangengin ár og afkastageta þeirra takmörkuð. Í köflum 4.1 til 4.5 í umhverfismatsskýrslu er að finna lýsingu á tilgangi, umfangi, staðsetningu, hönnun, aðferðum við framkvæmd og áfangaskiptingu við uppbyggingu starfseminnar.

Í umhverfismatsskýrslu er einnig fjallað um auðlindanotkun á framkvæmda- og rekstrartíma. Þar kemur m.a. fram að auk þess úrgangs sem tekinn verði til brennslu þurfi að nota olíu til uppkveikju sem og á þær vinnuvélar sem eru á svæðinu og rafmagn til að knýja ljós og ýmiss konar búnað.

Fram kemur að ekki sé gert ráð fyrir fjölgun starfsmanna þar sem jafn margir starfsmenn muni starfa við stöðina og nú starfa við móttöku og meðhöndlun úrgangs á svæðinu.

Tengdar framkvæmdir. Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að til þess að unnt verði að nýta orkuna til að hita jarðhitavatn sé fyrirhugað að leggja lögn um 1.000 m leið frá núverandi stofnlögn hitaveitunnar að varmaskipti sem settur verði upp inni í sorporkustöðinni. Um sé að ræða hefðbundnar foreinangraðar hitaveitulagnir í jörðu, þar sem tvær lagnir (aðrennsli og frárennsli) verði lagðar í sama skurð og síðan gengið frá yfirborði með sama hætti og jafnan sé gert í lagnaframkvæmdum á vegum Veitna. Lagnaleiðin fari öll um lítt gróið eða raskað land og því auðvelt að haga frágangi þannig að engin ummerki sjáist um lögnina að nokkrum árum liðnum frá lokum framkvæmda.

2.2 Frávik frá matsáætlun

Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að við gerð skýrslunnar hafi alfarið verið byggt á matsáætlun og áliti Skipulagsstofnunar um hana, að teknu tilliti til athugasemda sem fram komu á kynningartíma áætlunarinnar. Þessu til viðbótar var ákveðið að fjalla um tvo valkosti til viðbótar við þá tvo sem nefndir voru í matsáætlun.



2.3 Valkostir

Í umhverfismatsskýrslu framkvæmdaraðila er greint frá þeim kostum sem hafi verið teknir til skoðunar. Fyrsti valkostur er uppsetning sorporkuversins sem hér er til umfjöllunar, annar valkostur væri núllkostur, þ.e.a.s. óbreytt ástand sem felst í áframhaldandi útflutningi úrgangs til orkuvinnslu. Við vinnslu umhverfismatsskýrslunnar var ákveðið að fjalla um tvo valkosti til viðbótar, þ.e. annars vegar urðun og hins vegar brennslu í sorporkuveri fyrir landið allt. Í 5. kafla í skýrslunni er gerð grein fyrir kostum og göllum hvers valkosti fyrir sig. Í samanburði á valkostunum kemur fram að núllkostur virðist koma best út en urðun langlakast. Þar kemur fram að útflutningur til brennslu samkvæmt núverandi fyrirkomulagi hefur lægsta kolefnissporið. Skýringin á lágu kolefnisspori við brennslu blandaðs úrgangs í erlendum sorporkuverum liggir í því að þar séu yfirgnæfandi líkur á að orkan sem verin framleiði komi í stað orku sem annars væri framleidd með brennslu á jarðefnaeldsneyti. Nánar er fjallað um valkostina og samanburð á þeim í köflum 5.1 til 5.5 í umhverfismatsskýrslu.

3 Mat á umhverfisáhrifum

Í umhverfismatsskýrslu framkvæmdaraðila eru notaðar vægiseinkunnirnar verulega neikvæð, talsvert neikvæð, óveruleg, talsvert jákvæð og verulega jákvæð umhverfisáhrif. Gerð er grein fyrir vægiseinkunnum á bls. 36-38 í umhverfismatsskýrslunni. Auk sömu einkunna og SOR notar í sinni umfjöllun í umhverfismatsskýrslu notar Skipulagsstofnun einkunnirnar nokkuð neikvæð og nokkuð jákvæð í þessu álit.

Við umfjöllun um hvern umhverfisþátt hér að neðan eru fyrst dregin saman meginatriði úr mati framkvæmdaraðila á umhverfisáhrifum. Síðan er fjallað um efnisatriði úr umsögnum sem bárust á kynningartíma umhverfismatsskýrslu og svör framkvæmdaraðila við þeim. Þar á eftir fylgir umfjöllun Skipulagsstofnunar sem byggir á umhverfismatsskýrslu framkvæmdaraðila, umsögnum, svörum framkvæmdaraðila við umsögnum og eftir atvikum öðrum gögnum. Auk neðangreindra umhverfisþátta er í umhverfismatsskýrslu fjallað um áhrif á loftslag, hljóðvist og umferð, ásýnd og sjónræna þætti sem og samfélag og atvinnulíf. Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við þá umfjöllun í skýrslunni og því er ekki fjallað um þá í þessu álit.

3.1 Áhrif á loftgæði og lykt

3.1.1 Mat Sorpstöðvar Rangárvallasýslu

Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að í öfninum sem um ræði verði einkum brenndur blandaður úrgangur, grófur úrgangur og litað timbur, en reiknað sé með að stöðin taki eftir atvikum einnig við dýraleifum úr áhættuflokki 1 (og að vissu marki áhættuflokki 2). Dýraleifar henti þó illa til orkuframleiðslu. Ekki sé gert ráð fyrir að spilliefni verði brennd í verinu. Allt útblástursloft frá sorporkuverinu verði leitt í gegnum reykhreinsivirki þar sem fylgst sé með mengun með síritandi búnaði. Í starfsleyfi verði settar kröfur um virkni hreinsivirkisins, um reglubundnar mælingar (með síritandi búnaði og handvirk) og um hámarksgildi fyrir einstök mengunarefni. Mæligildi frá sambærilegri stöð séu öll undir viðmiðunarmörkum sem tilgreind séu í leiðbeinandi reglum Evrópusambandsins, þó með þeim fyrirvara að mælst hafa hækkuð gildi fyrir kolmónoxíð (CO) og saltsýru (HCl). Sorporkuver á Strönd muni hafa óveruleg, bein, neikvæð áhrif á loftgæði. Áhrifin séu afturkræf.

Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að uppruni lyktar frá brennslu úrgangs kunni að vera af tvennum toga. Annars vegar sé þar um að ræða lykt vegna geymslu og flutnings úrgangs á athafnasvæðinu og hins vegar lykt frá útblæstri reykhreinsivirkis. Með réttu og skipulögðu fyrirkomulagi á meðhöndlun úrgangsins sé hægt að takmarka verulega myndun ólyktar og jafnvel



koma alveg í veg fyrir hana. Lykt vegna geymslu og flutnings úrgangs á athafnasvæði sorporkuversins verði að öllum líkindum aldrei meiri en þegar verið er að undirbúa sama úrgang fyrir annars konar meðhöndlun. Hins vegar fylgi aukin áhætta geymslu og tilfærslum dýraleifa, séu þær á annað borð fluttar til brennslu í sorporkuverinu. Ef ekki sé unnt að hefja brennslu dýraleifa sama dag og þær berist verði tryggt að þær valdi ekki lyktarmengun og séu varðar fyrir ágangi meindýra með því að geyma þær í þar til gerðum lokuðum gámum. Sé tekið mið af rekstri sambærilegra eða svipaðra sorporkuvera sé ekki tilefni til að ætla að lykt frá útblæstri reykhreinsivirkis verði til óþæginda. Útblástur frá slíkum hreinsivirkjum sé alla jafna lyktarlítill og litlaus ef hreinsivirki séu í eðlilegum rekstri. Auk þess sé langt í næstu íbúðahús og því ólíklegt að óþægindi skapist þrátt fyrir að einhver lyktarmengun verði. Að öllu forfallalausum ætti lyktarmengun frá sorporkuverinu sem hér um ræðir almennt að vera minni en lyktarmengun frá urðun sama magns af úrgangi. Í því sambandi skipti meginmáli að lyktin af úrganginum eyðist að mestu leyti í brennslunni en lykt geti borist frá urðuðum úrgangi löngu eftir að hann hafi verið urðaður. Áhrif af völdum lyktar eru metin óverulega neikvæð.

3.1.2 Niðurstaða Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun telur að áhrif sorporkustöðvarinnar á loftgæði og lykt ráðist af daglegum rekstri stöðvarinnar. Til að takmarka sem mest losun mengunarefna við brennslu úrgangs er mikilvægt að fyrirbyggja ófullkominn bruna. Ófullkominn bruni myndar í senn kolmónoxíð og lífræn efnasambönd en hvoru tveggja þarf að halda í lágmarki. Til að það verði þarf rekstur brennslunnar að vera stöðugur, s.s. með stöðugu og nógu háu hitastigi við bruna, jafnri og stöðugri blöndun úrgangs og lofts, auk eftirbrennslu sem sundrar þeim síðustu rykögnum og lífrænu efnasamböndum sem kunna að vera til staðar í lokin. Stöðugleiki í rekstri er sérstaklega mikilvægur þegar brennslan er ræst að nýju eftir tímabundnar rekstrarstöðvanir sem kunna að vera vegna viðhalds. Skipulagsstofnun óskaði eftir nánari upplýsingum frá framkvæmdaraðila um hvort gert yrði ráð fyrir samfelldum rekstri stöðvarinnar eða hvort stöðin yrði eingöngu starfrækt hluta úr vikunni. Jafnframt var óskað eftir upplýsingum um það hvort dýraleifar yrðu brenndar í sama ofni og annar úrgangur. Í svörum SOR kom fram að stöðin yrði að öllu jöfnu í gangi allan sólarhringinn nema þegar þyrfti að gera hlé vegna viðhalds. Jafnframt kom fram að dýraleifar yrðu brenndar í sama ofni, þ.e. þegar hann verður brenndur á annað borð. Ofninn geti ekki tekið mikið af sláturúrgangi án þess að það komi niður á orkuframleiðslunni.

Skipulagsstofnun telur að áhrif af völdum lyktar ráðist að óverulegu leyti af sorpbrennslunni í reglubundnum rekstri. Að öllum líkindum er helsti áhættuþáttur vegna ólyktar allt ferlið frá slátrun að brennslu dýraleifa. Það er vel þekkt að helstu uppsprettur ólyktar eru vegna meðhöndlunar á hráefnum og úrgangi í tengslum við matvælaframleiðslu. Nauðsynlegt er að útfæra endurskoðað starfsleyfi þannig að reynt verði að fyrirbyggja ólykt við alla meðhöndlun einkum lífræns úrgangs, s.s. með geymslu og flutningi í lokuðum ílátum. Reynslan sýnir að til að fyrirbyggja ólykt frá eyðingu lífræns sláturúrgangs þarf allt ferlið frá slátrun, þ.m.t. flutningur og geymsla, að miða að því að fyrirbyggja niðurbrot úrgangsins. Slíkur úrgangur þarf því að vera í lokuðum ílátum og fyrirbyggja að hann hitni.

Skipulagsstofnun telur að áhrif sorporkustöðvarinnar á loftgæði verði óveruleg til nokkuð neikvæð. Nauðsynlegt er að setja rekstrinum ramma í starfsleyfi þar sem m.a. verði tilgreind mengunarmörk, vöktun og mælingar. Skipulagsstofnun telur jákvætt að framkvæmdaraðili ráðgeri síritandi mælingar á útblæstri þar sem öll frávik gefa rekstraraðila tilefni til að bregðast fljótt við. Lykilatriði er að leiðbeiningum framleiðanda brennslustöðvarinnar sé fylgt og að þeir sem starfa við sorporkuverið hafi fengið fullnægjandi tilsögn til að halda rekstri stöðugum og þar með mengunar hættu í lágmarki.



3.2 Áhrif á jarðveg

3.2.1 Mat Sorpstöðvar Rangárvallasýslu

Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að jarðvegur geti orðið fyrir áhrifum vegna ösku frá sorporkuverinu. Öll aska sem falli til (botnaska og flugaska) sé sett í gáma jafnóðum og komist því ekki í snertingu við jarðveg fyrr en gámarnir séu tæmdir. Botnaska sé að öllu jöfnu 20-30% af heildarmassa úrgangs, miðað við að brennslan taki einkum við blönduðum heimilisúrgangi. Samkvæmt upplýsingum frá framleiðendum búnaðarins sé magn ösku frá þessum tiltekna ofni að hámarki 20% af heildarmagni úrgangs. Þetta samsvari u.þ.b. 600 tonnum á ári miðað við 3.000 tonna brennslu en u.þ.b. 1.200 tonnum miðað við 6.000 tonna brennslu. Ekki sé hægt að segja til um efnasamsetningu öskunnar fyrr en á hólminn er komið en fræðilega séð gæti hún flokkast sem óvirkur úrgangur, almennur úrgangur eða spilliefni.

Fram kemur að auk botnöskunnar falli flugaska til við brennslu úrgangs, þ.e.a.s. aska frá reykhreinsivirki sorporkuversins. Magnið sé breytilegt eftir stöðvum en nemi venjulega fáeinum prósentum. Sé miðað við 2,5% gæti magnið verið um 75 tonn á ári miðað við 3.000 tonna brennslu en u.þ.b. 150 tonn miðað við 6.000 tonna brennslu. Mestar líkur séu á að flugaskan flokkist sem spilliefni, sem þýði að nauðsynlegt kunni að vera að farga henni með urðun á sérhæfðum urðunarstað. Enginn slíkur staður sé starfræktur á Íslandi, sem þýði að væntanlega þurfi að flytja öskuna út.

Þá kemur fram að jarðvegur á svæðinu ætti ekki að verða fyrir langtímaáhrifum vegna lagna milli sorporkuversins og stofnlagnar.

Áhrif á jarðveg eru talin verða lítil að umfangi en varanleg þar sem ekki sé gert ráð fyrir að askan brotni niður með tímanum. Um sé að ræða bein og varanleg neikvæð áhrif með sambærilegum hætti og komi fram vegna brennslu annars staðar.

3.2.2 Niðurstaða Skipulagsstofnunar

Ekki liggur fyrir í hvers konar úrgangsflokka botn- og flugaska mun flokkast fyrr en það hefur verið sannreynt með prófunum.

Skipulagsstofnun telur, í ljósi reynslunnar, líklegt að flugaska muni flokkast sem spilliefni. Hún er almennt með hærra hlutfall af þungmálmum og hættulegum lífrænum efnasamböndum heldur en botnaska. Gangi sú flokkun eftir þá er enginn staður á Íslandi sem tekur á móti spilliefnum til urðunar. Því þarf að flytja flugöskuna til útlanda til endanlegrar förgunar. En afdrif hennar eru þar með á flestan máta sambærileg því sem gerist við núverandi fyrirkomulag þar sem úrgangurinn er fluttur úr landi til brennslu og flugaskan tekin til förgunar þar.

Skipulagsstofnun telur meiri óvissu um flokkun botnösku sem kemur til með að falla til sem óbrennanlegar leifar. Með hliðsjón af þeirri botnösku sem fellur til hjá Sorpbrennslu Suðurnesja, sem er sennilega sú sorpbrennsla á Íslandi sem brennir sambærilegum úrgangi og fyrirhugað er að brenna á Strönd, þá er líklegt að botnaskan flokkist sem almennur úrgangur. Verði það niðurstaða prófana að hún flokkist sem almennur úrgangur, heimilar núverandi starfsleyfi stöðvarinnar á Strönd ekki urðun slíks úrgangs. Það þarf því annaðhvort að afla leyfis til þess konar urðunar með tilheyrandi umbótum á Strönd eða urða botnöskuna annars staðar þar sem heimild er til móttöku slíks úrgangs.

Skipulagsstofnun tekur undir með framkvæmdaraðila og telur að botnaskan muni hafa varanleg neikvæð áhrif á jarðveg þar sem einkum málmar og ýmis snefilefni takmarka notkun hans um langa hríð eða jafnvel varanlega. Þau áhrif eru sambærileg við áhrifin af núverandi fyrirkomulagi, að því undanskildu að ekki þarf að flytja úrganginn á milli landa. Reyndar þarf að hafa í huga að íslenskur berggrunnur og þar með íslenskur jarðvegur, er talsvert frábrugðinn berggrunni nágrannalandanna.



Áhrif þess sjást á hærra sýrustigi á grunnvatni á Íslandi heldur en í nágrannalöndunum. Ætla má að áhrif botnösku á sýrustig vatns í jarðvegi séu sambærileg áhrifum íslenska bergsins. Neikvæð áhrif botnöskunnar á jarðveg eru ekki líkleg til að vera mikil að umfangi en mikilvægt er að ganga þannig frá öskunni að neikvæð áhrif verði í lágmarki. Skipulagsstofnun metur áhrifin nokkuð neikvæð.

3.3 Áhrif á vatn

3.3.1 Mat Sorpstöðvar Rangárvallasýslu

Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að ekki sé gert ráð fyrir losun úrgangsefna í fráveitu frá sorporkuverinu. Stöðin noti ekki vatn og þarfnist því ekki tengingar við fráveitu. Ekkert vatn ætti heldur að falla til við undirbúning úrgangs til brennslu, umfram það sem þegar fellur til vegna annarrar meðhöndlunar sama úrgangs á Strönd. Þessu vatni verði hér eftir sem hingað til veitt í hreinsikerfi urðunarstaðarins.

3.3.2 Umsagnir um umhverfismatsskýrslu

Umhverfis- og orkustofnun bendir í umsögn sinni á að umfjöllunin um áhrif á vatn mætti vera ítarlegri og í samræmi við vatnaáætlun og lög um stjórn vatnamála, t.d. sé óljóst hvort eitthvað vatn verði notað við þrif á búnaði, s.s. færiböndum eða inntakskvörn. Öll vatnshlot séu með umhverfismarkmið sem séu lagalega bindandi. Ástand vatnshlota megi ekki rýrna, hvorki tímabundið né varanlega vegna framkvæmda eða starfsemi.

Í svörum SOR kemur fram að áður en starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn á Strönd var gefið út var gerð úttekt á grunn- og yfirborðsvatni svæðisins, auk lektar- og síunareiginleika jarðgrunnsins. Strönd er staðsett á víðáttumiklum óseyrum þar sem þykk laus jarðlög hafa hlaðist upp á berggrunni sem er 3-4 milljón ára gamall. Malarlögin í efri hluta setlaganna séu vel vatnsleiðandi og dýpi á grunnvatn sé tiltölulega mikið, eða að jafnaði um 10 m á því svæði sem um ræðir. Ætla má að grunnvatnsborð halli í stórum dráttum líkt og yfirborð og að stefna grunnvatnsstraums sé frá norðaustri til suðvesturs.

Fram kemur að athafnasvæði SOR liggi á vatnaskilum Hróarslækjar (vatnshlot nr. 103-682-R) og Strandarsíkis (vatnshlot nr. 103-883-R) en sé líklega alfarið á vatnasviði þess síðarnefnda. Bæði þessi vatnsföll hafi rennslisstefnu frá norðaustri til suðvesturs. Að öllu jöfnu sé ekkert vatn sýnilegt á yfirborði athafnasvæðisins og engir sýnilegir vatnsvegir, hvorki að Hróarslæk né Strandarsíki. Þurr farvegur liggi í gegnum svæðið og um hann geti runnið vatn í stórrigningum og leysingum, einkum ef jörð er frosin. Það hafi þó ekki gerst síðustu ár. Framangreint geri það að verkum að útilokað megi telja að yfirborðsvatn frá athafnasvæðinu á Strönd geti borist í Strandarsýki eða Hróarslæk. Eina vatnshlotið sem gæti þurft að skoða í þessu samhengi sé grunnvatnshlotið Landeyjar (nr. 103-252-G).

Jafnframt er bent á að ekki sé gert ráð fyrir að vatnsnotkun á umræddu athafnasvæði aukist með tilkomu sorporkuversins. Engin afgerandi breyting verði á magni eða samsetningu úrgangs sem kemur inn á svæðið, heldur felst breytingin fyrst og fremst í því að úrgangur sem nú er umstaflaður og komið af svæðinu til meðhöndlunar verður þess í stað nýttur til orkuvinnslu í sorporkuverinu. Vatnspörf til þrifa verði því væntanlega sú sama eða mjög svipuð því sem nú er, en notkunin geti að einhverju leyti flust til innan svæðisins. Ekki sé gert ráð fyrir að nota þurfi vatn við þrif á færiböndum, inntakskvörn eða öðrum búnaði. Því vatni sem eftir sem áður kunni að verða notað verði veitt í fráveitu. Ákvæði í starfsleyfi eigi hér eftir sem hingað til að koma í veg fyrir að þetta vatn hafi áhrif á gæði grunnvatnshlotsins. Í nú gildandi starfsleyfi sé m.a. gert ráð fyrir árlegri mælingu á efnasamsetningu grunnvatns ofan og neðan við athafnasvæðið. Í ljósi framanskráðs sé meginniðurstaða framkvæmdaraðila sú að vatnspörf á athafnasvæðinu aukist ekki með tilkomu sorporkuversins. Ekki verði heldur breytingar á efnasamsetningu vatns sem kunni, hér eftir sem



hingað til, að verða notað til þrifa. Því verði ekki séð að vatnsnotkun á svæðinu geti haft áhrif á nærliggjandi vatnshlot umfram það sem verið hefur mörg undanfarin ár.

3.3.3 Niðurstaða Skipulagsstofnunar

Í vatnavefsjá er grunnvatnshlotið Landeyjar (nr. 103-252-G) skráð með umhverfismarkmiðin góða magnstöðu og gott efnafræðilegt ástand. En einnig er það skráð með staðbundið álag vegna sorplosunar við Sorpstöðina á Strönd og Hulu á Skógasandi. Skipulagsstofnun telur, með hliðsjón af framlögðum gögnum framkvæmdaraðila, ólíklegt að vatnsnotkun breytist verulega með rekstri sorporkustöðvar á Strönd. Að sama skapi eru, með hliðsjón af fyrirhuguðum rekstri sorporkustöðvar, engar líkur til að hún hafi áhrif á magnstöðu grunnvatns og afar ólíklegt að hún komi til með að rýra efnafræðilegt ástand þess. Eðli málsins samkvæmt er sorpbrennsla ekki vatnsfrek starfsemi. Þvert á móti. Einu frávikin sem kunna að hafa í för með sér einhverja vatnsnotkun eru vegna dýraleifa í áhættuflokkum 1 eða 2 sem kunna að kalla á sötthreinsun með tilheyrandi vatnsnotkun. Slíkt heyrir mjög líklega til undantekninga og er frávik frá reglubundinni starfsemi sorporkustöðvarinnar. Engu að síður þarf að meta áhrif starfseminnar á vatnshlot í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar¹. Fyrsta skrefið í þeirri vinnu er skimun þar sem kannað er á kerfisbundinn hátt hvort starfsemin muni hafa bein eða óbein áhrif á gæðapætti vatnshlots. Í einföldustu verkefnum kann skimunin ein og sér að fela í sér fullnægjandi áhrifamat. En því þarf að svara áður en kemur til leyfisveitinga. Þrátt fyrir þessa annmarka er það mat Skipulagsstofnunar að áhrif fyrirhugaðs sorporkuvers á Strönd á vatn verði óveruleg.

4 Skipulag og leyfi

Framkvæmdasvæðið er skilgreint sem lðnaðarsvæði I1 í Aðalskipulagi Rangárbings ytra 2016-2028. Þar er gert ráð fyrir mannvirkjum „fyrir flokkun sorps og jarðgerð. Hluti svæðisins er ætlaður fyrir orkufrekan iðnað sem hefur litla mengun í för með sér“. Ekki er gert ráð fyrir sorpbrennslu samkvæmt Aðalskipulaginu.

Breytt deiliskipulag Sorpförgunarsvæðisins á Strönd var samþykkt 13. ágúst 2025. Í greinargerð hins breytta deiliskipulags er heimild til að reisa brennslustöð á byggingarreit sem er allt að 1.500 m² á svæði I1.

Það þarf því að breyta Aðalskipulagi Rangárbings ytra 2016-2028 eigi áformin að ganga eftir.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Rangárbings ytra samkvæmt skipulagslögum og byggingarleyfi samkvæmt lögum um mannvirki. Afla þarf starfsleyfis fyrir breytti tilhögun förgunar hjá Umhverfis- og orkustofnun samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

5 Niðurstaða

Í samræmi við 16. gr. reglugerðar nr. 1381/2021 hefur Skipulagsstofnun farið yfir umhverfismatsskýrslu Sorpstöðvar Rangárvallasýslu um sorporkuver á Strönd á Rangárvöllum sem lögð var fram samkvæmt 23. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Skipulagsstofnun telur að umhverfismatsskýrslan uppfylli skilyrði laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Í umhverfismatsskýrslu Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. eru kynnt áform um að reisa sorporkustöð með orkuvinnslu á urðunarstaðnum á Strönd í Rangárbíngi ytra.

¹ Leiðbeiningar um mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot (https://ust.is/library/sida/haf-og-vatn/Leiðbeiningar%20um%20áhrifamat%20fyrir%20vatnshlot_Útg.1_Desember%202024.pdf)



Skipulagsstofnun telur uppsetningu á sorporkustöð til að farga úrgangi sem áður var fluttur til brennslu erlendis vera breytingu til batnaðar. Það er í samræmi við sjónarmið um sjálfbærni að úrgangi sé fargað eða hann endurnýttur þar sem hann fellur til. Meginstefnan á að vera sú að halda myndun úrgangs í lágmarki en þegar úrgangur fellur til þá sé hann endurnýttur eins og frekast er unnt. Nýting varmans frá sorpbrennslunni til að styrkja hitaveituna á svæðinu er mun betri kostur heldur en sá að brenna úrganginn eingöngu en senda ónýttan útblásturinn út í loftið. Skipulagsstofnun telur að áhrif af reglubundinni starfsemi sorporkustöðvarinnar muni ekki hafa verulega neikvæð áhrif á loftgæði eða valda ólykt í nágrenni hennar. Þetta tekur mið af því að rekstur stöðvarinnar sé stöðugur og að þeir sem starfa við reksturinn hafi fengið tilskilda tilsögn og þjálfun til starfans. Skipulagsstofnun telur jafnframt að við starfsleyfisgerð sé brýnt að verði ákvæði sem miði að því að fyrirbyggja að ólykt berist frá flutningi og geymslu úrgangs ekki síður en brennslunni einni.

Skipulagsstofnun metur áhrif af völdum flug- og botnösku sorporkustöðvarinnar á jarðveg vera sambærileg og við núverandi tilhögun.

Reykjavík, 23. janúar 2026.

Egill Þórarinnsson

Sigurður Ásbjörnsson

